

Reykjavík, 6. júní 2025

Efni: Umsögn Orku náttúrunnar ohf. við Netmála D.3.

Orku náttúrunnar (ON) barst nýr netmáli frá Landsneti sem fjallar um skilmála um kerfisframlag. ON þakkar Landsneti fyrir tækifærið til þess að senda inn athugasemdir varðandi netmálann og er reiðubúið að gera frekari grein fyrir sínum athugasemdum sé þess óskað.

ON vísar einnig til fyrri umsagna fyrirtækisins varðandi netmála D3.

Kafli 4

Samkvæmt 12. gr. a. raforkulaga skal kostnaður tengingar eins aðila ekki valda auknum tilkostnaði annarra notenda. Í útreikningum kerfisframlags er stuðst við spár og áætlanir og virðist ekki tekið tillit til þess hvort forsendur til útreikninga á kerfisframlagi raungerist og hvort tenging hafi í raun valdið öðrum notendum auknum tilkostnaði. Skv. 15. gr. reglugerðar 1040/2005 kemur fram eftirfarandi heimild:

„Ennfremur má krefjast greiðslu kerfisframlags við styrkingu á raforkukerfi þegar forsendur viðskipta breytast verulega til dæmis þegar notandi fer fram á aukin afköst tengingar eða aukin gæði sem veldur þörf á styrkingu”

Hér eru dæmi um aðstæður þar sem forsendur geta breyst en einnig er hægt að nefna ef framleiðsla/notkun samningsaðila er undir þeim forsendum til útreikninga, ef notandi nær aldrei lágmarksviðmiðum stórnotenda skv. 3 gr. 19. mgr. raforkulaga.

- Á grundvelli 15. gr. framangreindrar reglugerðar telur ON rétt að í netmála komi fram að endurskoðun á forsendum útreikninga skuli eiga sér stað eftir helming samningstíma í tilfelli stórnotenda og afskriftartíma í tilfelli virkjana. Skal þá kannað hvort forsendur útreikninga hafa staðist. Heimild Landsnets þarf að vera fyrir því að krefjast aukins kerfisframlags ef tenging reynist óhagkvæmari eða endurgreiðslu á kerfisframlagi reynist tenging hagkvæmari en gert var ráð fyrir í upphaflegum útreikningum.

Kafli 4.7

Í kaflanum kemur eftirfarandi fram: „Fjárfesting er allur sá tilkostnaður sem fellur til við að tengja nýja virkjun eða notanda við flutningskerfið og tilheyrir sérleyfishluta fjárfestinga í flutningskerfinu“

Í kerfisáætlunum Landsnets hefur markmið Landsnets verið að tengja virkjanir á NA hluta landsins við notendur á SV horni. Stærð flutningslína í nýrri norðurleið byggðarlínu hefur tekið breytingum í gegnum kerfisáætlanir og stækkað til að leyfa nýjum vindorkuverkefnum og öðrum virkjana framkvæmdum að tengjast flutningskerfinu. Ljóst er að hluti kostnaðar við styrkingu norðurleið byggðarlínu fellur undir fjárfestingu í flutningskerfinu við að tengja nýjar virkjanir.

- ON óskar eftir því greint verði hvort kostnaður Landsnets við styrkingar í meginflutningskerfi sem stuðla að því að nýjar virkjanir geti flutt sína framleiðslu séu greiddar af viðkomandi virkjunaraðila í gegnum kerfisframlag eða hvort sá kostnaður falli alfarið á núverandi notendur kerfisins.
- ON óskar eftir að Landsnet skýri aðferðafræði sína við að meta kostnaðinn sem fellur á meginflutningskerfi vegna tengingar nýs viðskiptavinar. Í 16. gr.a reglugerðar 1040/2005 kemur fram „*Enn fremur er lagt mat á frekari styrkingu kerfis vegna nýrrar tengingar og tekið skal tillit til þess við mat á ytri skilyrðum*“.
- Stækkanir og/eða breytingar á núverandi virkjunum og stórnotendum geta falið í sér kostnað fyrir flutningskerfið sem eðlilegt er að viðkomandi aðili standi straum af en ekki aðrir viðskiptavinir. Í 15.gr reglugerðar 1004/2005 kemur fram að krefjast má greiðslu kerfisframlags vegna óskum um aukin afköst notenda. ON óskar þess að Landsnet taki tillit til þessarar heimildar og orðalag í kafla 4.7 verði uppfært eftirfarandi: Fjárfesting er allur sá tilkostnaður sem fellur til við að tengja nýja virkjun eða notanda við flutningskerfið og/eða styrking flutningskerfis vegna aukins afkasta tengingar og tilheyrir sérleyfishluta fjárfestinga í flutningskerfinu“

Kafli 4.8

Kerfisframlag er reiknað á grundvelli hverrar virkjunar fyrir sig og taka þarf mið af gerðum samningum sem reiða sig á orkuafhendingu frá hverri virkjun. Ef fyrir liggur að öll framleiðsla sé samningsbundin í raforkusölu til stórnotenda er óeðlilegt að tekjur Landsnets af nýrri virkjun skulu byggjast á skiptingu eignastofns Landsnets.

Kaflí 5.1

Í kafla 5.1 er vísað í heimild skv. viðauka I að hækka hlutfall tekna. Í töflu 2 í viðauka I er vísun í kafla 5. um hlutfall tekna.

- ON óskar eftir frekari skýringu um hver sé lagaleg heimild Landsnets til hækkunar tekna frá nýjum svæðum.

Þá kemur eftirfarandi einnig fram: „Nýr notandi er undanskilinn greiðslu kerfisframlags þangað til fyllt hefur verið upp í það afl sem skilgreint hefur verið fyrir nýja svæðið í samræmi við uppbyggingar- og fjárfestingaráætlun.“

- ON óskar eftir skýringum um hvar kemur fram skilgreint afl og til hvaða uppbyggingar- og fjárfestingaráætlunar er átt við. Gera þarf grein fyrir því hver ber ábyrgð á slíkum skilgreiningum og áætlunum.

Kaflí 6.3

Óskað er eftir nánari rökstuðning fyrir heimildum Landsnets skv. 12. gr. a. raforkulaga fyrir því að kalla eftir tryggingum og þá sér í lagi tryggingum vegna væntanlegra flutningsgjalda. Undir hvaða kringumstæðum er Landsneti heimilt að kalla eftir greiðslu skv. tryggingu vegna vanefnda í væntanlegum flutningsgjöldum? Ekki kemur fram yfir hversu langt tímabil Landsneti er heimilt að krefjast trygginga vegna væntra flutningsgjalda.

Að framan hefur verið gerð grein fyrir umsögn Orku náttúrunnar ohf. við netmála D3. Líkt og fram kemur hér að framan er ON reiðubúin að gera nánari grein fyrir henni verði óskað eftir því.